

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Hrunamannahreppi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulagsbreyting, Sunnuhlíðartangi, L211195, Loðmundartangi 14 og 19, breyting lóða og göngustígur.

Um er að ræða deiliskipulagsbreytingu sem tekur til íbúðarsvæðis Sunnuhlíðar. Í breytingunni felst breytt lega raðhúsalóða með það að markmiði að veita heimild fyrir minni íbúðum innan lóðanna. Samhliða eru skilgreindar tvær nýjar lóðir fyrir einbýlishús. Samþykkt í sveitarstjórn 6. júní 2024.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 19. ágúst 2024.

Skipulagsfulltrúi Umhverfis- og tæknisviðs uppsveita bs.,

Vigfús Þór Hróbjartsson.